# Áfangaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Leikskólar Vesturbyggðar; Araklettur Patreksfirði og Tjarnarbrekka Bíldudal

Nafn verkefnis: Lífsmennt

Nafn verkefnisstjóra: Hallveig Guðbjört Ingimarsdóttir

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: ***UMS 058 2014***

***Markmið samkvæmt fyrri umsókn er:***

- að veita nýjum straumum inn í leikskólastarfið og efla þannig uppbyggilegt starf leikskólanna í víðu samhengi.
- Að starfsfólkið tileinki sér og kenni lífsgildin og flétti inn í allt starf leiskólanna.
- Að skapa börnum og starfsfólki aðstæður til að fjalla um lífsgildin og uppgötva hvernig þau nýtast í samskiptum hvert við annað og gagnvart sjálfum sér í samfélaginu og á veraldarvísu.
- *Að stuðla að því að kennarar og þeir sem að börnunum koma fái þá sýn að menntun er leið til fyrir börnin til að öðlast aukna félagsfærni og þroska.*
- *Að dýpka skilning, ábyrgðartilfinningu gagnvart sjálfum sér og öðrum og stuðla þannig að auknum þroska, færni og sjálfstæði einstaklingsins.*

**Staða verkefnis:**

Lífsmennt er daglega í einhverri mynd í leikskólunum. Hún er fléttuð ásamt grunnþáttunu inn í starfsemina á sem fjölbreyttastan hátt. Enn er víðast um æfingar að ræða en starfið á Koti, (Arakletti), er komið aðeins lengra. Elstu börnin á Króki, 4–5 ára og á Tjarnarbrekku eru virkir þátttakendur einnig. Á Kletti, yngstu deild á Araletti, var áhersla lögð á að vera góð fyrirmynd, fara í sjálfsskoðun með hvernig talað var við börnin, samskipti og laga það sem þyrfti. Starfið lofar góðu og ríkir almenn ánægja með það.

## Verk- og tímaáætlun

Tímarammi: 2014-2015

| Timi<br>Atriði | Efnisatriði | Endurmat |
|---|---|---|
| **Kynnisferð í Lífsmenntarleikskóla** | Ákveðið að heimsækja leikskóla og kynnast starfsemi sem þegar hefur innleitt Lífsmennt í starfsemi sína og halda svo áfram með næsta verkþátt 1. september. | Sú ferð var ekki farin fyrr en 24. apríl 2015. |
| **Haust 2014<br>Kynning til foreldra** | Til stóð að gefa út bækling um þróunarstarfið með Lífsmenntina haustið 2014 | Þessi bæklingur er ekki kominn í gagnið er verður vonandi orðinn að veruleika nú í haust 1015. |
| **Veturinn 2014 og vorið 2015<br>Starfsmannafundir Deildarstjórafundir<br>Deildarfundir<br>Leshópar** | Fundir skyldu vera mánaðarlega, ýmist deildarfundir, deildastjórafundir og almennir starfsmannafundir, tileinkaðir Lífsmenntinni. Leshópur var enginn formlegur en starfsfólk las sér til um Lífsmenntina og var farið yfir og rætt á starfsmannafundum. | Matsfundir deildarstjóra sem halda átti mánaðarlega urðu fáir, en þar var metinn árangur og hvað megi laga, gefin hvatning til áframhaldandi verka og rætt hvað þurfi til þess að ná betri árángri. Starfsmannafundir sem tileinkaðir voru Lífsmenntinni urðu einnig fáir, en í staðinn var á hverjum almennum starfsmannafundi gefinn tími fyrir Lífsmennt með þátttakendum í verkefninu, þar sem unnið var að þróun og mati. |
| **Skólaárið 2014 – 2015<br>Lífsmenntarstundir** | Markvissar Lífsmenntarstundir með börnunum í báðum leikskólunum skyldu hefjast um leið og vetrarstarf hæfist im miðjan október. | |
| **Útgáfa kynningarbæklings** | Gefinn átti út bæklingur með ágripi af þróunaráætlun og kynningu á Lífsmennt fyrir nýja foreldra. | Hann er í vinnslu en ekki kominn út en verður vonandi kominn í gagnið fyrir næsta skólaár. |
| **Samskiptasíða** | Stofna átti samskiptasíðu milli foreldra og starfsfólks leikskólanna vegna m.a. þróunarverkefnisins. | Þá síðu er ekki búið að stofna en er í farvatninu. |

***Áætlanir breyttust all nokkuð (eins og við mátti búast), vegna þess að gerðar voru ýmsar breytingar og lagfæringar á bæði húsnæði og lóð leikskólanna og var ýmislegt ekki tilbúið þegar stafsfólk mætti til vinnu eftir sumarlokun í ágúst og fór þar af leiðandi mikill tími og vinna við að koma starfsaðstöðunni í eðlilegt horf.***

## Starfsmenn og Lífsmennt, börnin og Lífsmennt

Unnið hefur verið markvisst að innleiðingu Lífsmenntar og hafa verið gerðar æfingar á meðferð kennsluefnis úr bókinni Lífsmennt með það að markmiði að efni hvers dags skili sér til barnanna.. Hvorki börnum né starfsfólki var ætlað um of meðan verið er að aðlaga sig Lífsmenntinni. Náðst hefur að finna fleti innan Lífsmenntarinnar fyrir yngstu deildina og er hún einnig virkur þátttakandi í verkefninu. Hefur það aðallega falist í að starfsfólkið hefur lagt sig fram um að tileinka sér gildin og að vera börnunum skýr og góð fyrirmynd.

Miklar vonir eru bundnar við áframhaldið; að meiri tími verði til m.a. skipulagningar innan skólanna, fyrir unsirbúningsvinnu, samvinnu bæði skólanna, starfsfólks og foreldra, utanumhald, skráningu og mat. Einnig að ná því takmarki að leikskólar Vesturbyggðar megi teljast „gildis“skólar. Ný námskrá hefur verið unnin með Lífsmenntina að leiðarljósi og sem stefnu leikskóla Vesturbyggðar og þar er allgóð kynning á þróunarverkenfinu. Hún er unnin með starfsfólki og í samvinnu við foreldraráð. Hún fer á vef skólanna næstu daga.

**Mat**

- Komin er allnokkur þekking á gildunum og er starfsfólk farið að tileinka sér þau. Einnig hafa grunnþættir menntunar hjálpað til að auka við faglega hugsun og vinnu. Með aukinni reynslu hefur færni í Lífsmenntarverkefnum komið smátt og smátt.
- Vísir að grunni að starfi með yngstu börnunum hefur þróast.
- Foreldrarstarf hefur verið aukið og þeir hafa verið lauslega upplýstir um gang mála og taka þeir þátt þó í litlu sé í starfinu á Koti og eru þannig nokkuð virkir í þróunarstarfinu.
- Segja má að tímaáætlun hafi staðist

**Frávik miðað við áætlun verkefnis**

- Ekki náðist að funda eins oft og lagt var upp með og má aðallega kenna þrennu; miklu raski vegna endurbóta, breytinga og stækkunnar leikskólans Arakletts og mikla vinnu sem var því samfara hjá verkefnisstjóra sem einnig er deildarstjóri og aðstoðarleikskólastjóri og síðan efiðu tíðarfari með tilheyrandi óveðrum og ófærð og að síðustu manneklu vegna mikilla veikinda starfsfólks.
- Ekki urðu heldur, af sömu sökum, mánaðarlegir fundir hjá deildarstjórum en lögð var áhersla á að gefa Lífsmenntinni tíma á starfsmmannafundum þar sem mat og úrvinnsla úr þróunarstarfinu átti sér stað.
- Mikil þörf er fyrir fleiri fundi og miklu meiri tíma, bæði fyrir verkefnisstjóra til að fara inn á deildir og hjálpa til að leiða starfið ásamt því að vinna að símati og skráningu.
- Ekki náðist að halda kynningafundi með foreldrum en vonandi verður tækifæri til aukinnar fræðslu og kynningar til foreldra næsta haust.
- Skráning í máli og myndum hefur verið nokkur en ekki í samræmi við væntingar. Má þar enn kenna um tímaskorti vegna annara aðkallandi verka innan skólanna.
- Ekki var opnuð samskiptasíða á vefnum milli skólanna og milli foreldra og starfsmanna sem taka þátt í ferlinu en hún kemur.

**Rekstrarreikningur**
**Fyrir skólaárið 2014-15**

| | | | Kostnaður nú þegar | Greiðsla frá Sprotasjóði. Vonað á í allt 600.000 | Kostnaður þáttökustof-nana |
|---|---|---|---|---|---|
| Launakostnaður Vegna Lífsmenntarfundar með starfsmönnum | | | 130.000 | 250.000 | 0 |
| Sérfræðikostnaður | | | 0 | | |
| Kynningarfundir | | | 0 | | |
| Námskeiðskostnaður Kynnisför í leikskólann Álfaheiði í Kópavogi | | | 606.000 | | 486.000 |
| | | | 736.000 | | 486.000 |

## Annað

Ávinningur af verkefninu er margvíslegur. Fyrst má nefna að kennarar telja sig meðvitaðari um gildin og hve mikilvægar fyrirmyndir þeir eru. Þeir skoða betur eigin störf og eru meira vakandi fyrir því hvernig hægt er vinna með Lífsmennt í leikskólunum. Nokkur reynsla er komin á vinnubrögð, val á verkefnum og aðferðir til að nálgast og flétta Lífsmenntina inn í starfið. Byggt verður á þeirri reynslu og bætt við eftir því sem verkefnið þróast.

Eftirfarandi þróun mátti sjá hjá börnum og starfsfólki:

- Þau elstu og næstelstu lærðu um gildin og hugtök þeim tengd.
- Þau unnu verkefni tengd Lífsmennt í skapandi starfi
- Hlutverkaleikur litaðist af sáttfýsi og virðingu
- Elstu börnin urðu þolinmóðari og víðsýnni
- Kennarar og leiðbeinendur þjálfuðust í starfi sínu með börnunum
- Kennarar urðu meðvitaðri um sjálfa sig sem fyrirmyndir

Áhrif þessarar vinnu á börnin voru jákvæð og uppbyggileg. Þau áttu betra með að tjá sig um skoðanir sínar og líðan, urðu þolinmóðari, umburðarlyndari og víðsýnni.

Þrátt fyrir mótbyr þá er komin allnokkur mynd á Lífsmennt sem stefnu leikskólanna. Fréttabréf mun koma út í vor um þróunarstarf leikskólanna og mun nýjum foreldrum verða kynnt það starf sem verið er að þróa ásamt kynningu á foreldrafundi.

Starfsmenn eru meðvitaðari og legga sig fram um að starfa eftir gildum Lífsmenntar og grunnþáttum menntunar. Vonandi verða allir orðnir færir í flestan sjó eftir þennan vetur og tilbúnir að starfa áfram og af einingu í anda Lífsmenntar í leikskólunum.

## Helstu þættir verkáætlunar fyrir tímabilið: 1. september 2015 - 1. maí 2016.

- Á þessum tíma er áætlað að markvisst þróunarstarf verði komið á fulla ferð og að allt starfsfólk verði farið að tileinka sér vinnubrögð þau sem Lífsmenntin boðar.
- Kynningarfundir með foreldrum haldnir haustið 2015 og að samskiptasíðan verði komin af stað.
- Ný námskrá leikskólanna þar sem Lífsmenntin er gerð að stefnu leikskólanna komi út á vordögum 2015
- Unnið er að gerð kennslugagna eftir því sem þróunarstarfinu miðar áfram, en hingað til hefur verið farið eftir bókinni Lífsmennt og er hún vel til þess fallin enda hönnuð sem slík.
- Vörður fyrir starfsfólk verði inni á deildum starfsfólki til stuðnings og ítrekunar á mikilvægi gilda Lífsmenntarstarfsins.
- Að allt skipulag skólanna verði í anda lífsmenntar. Að grunnþættir menntunar og Lífsmenntin verði sem heildstæðust.
- Varðandi sjálfbærni: þá verði leikskólarnir komnir með Grænfánann ekki síðar en vorið 2016.

Það er von mín að þessi skýrsla sýni og sanni að fyrri hluta styrkveitingar Sprotasjóðs til Leikskóla Vesturbyggðar hafi verið vel varið og að framhald verði þar á. Mikið starf er enn óunnið og því

*Ég hef þegar sent ykkur áfangaskýrslu sem er allt of stór og bið ég forláts á því. Mér láðist að skoða þetta hjálparblað frá ykkur.*

Með virðingu og þökk,

Hallveig Guðbjört Ingimarsdóttir

Verkefnisstjóri.

**Dagsetning:**

Hallveig Ing. ____ Undirskrift verkefnisstjóra

Helga Bjarnadóttir ____ Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla